



Lúxemborg, 27. nóvember 2017

## FRÉTTATILKYNNING 14/2017

**Dómur í máli E-12/16 *Marine Harvest ASA* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA***

### **EFTIRLITSSTOFNUN EFTA ER EKKI VALDBÆR TIL ÞESS AÐ HAFA EFTIRLIT MEÐ RÍKISAÐSTOÐ Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag hafnaði EFTA-dómstóllinn kröfum Marine Harvest ASA („Marine Harvest“) um (i) ógildingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA („ESA“) og (ii) yfirlýsingu þess efnis að ESA hefði vald til þess að fara með eftirlit með ríkisaðstoð á sviði sjávarútvegs.

Marine Harvest lagði fram kvörtun til ESA vegna meintrar ríkisaðstoðar til sjávarútvegsins í Noregi. Í kvörtuninni hélt Marine Harvest því meðal annars fram að ESA hefði valdheimildir til þess að sinna eftirlitshlutverki með ríkisaðstoð sem veitt væri til þeirrar atvinnugreinar óháð fyrri ákvörðunum ESA um álitaefnið. ESA tók kvörtunina til athugunar og komst að þeirri niðurstöðu að stofnunin hefði ekki valdheimildir til að hafa eftirlit með veitingu ríkisaðstoðar til sjávarútvegs heldur væri eftirlitsvaldið í slíkum aðstæðum í höndum samningsaðila EES-samningsins. Þar með lauk ESA málinu. Marine Harvest bar málið í kjölfarið undir dómstólinn.

Dómstóllinn tiltók að 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins, sem fjallar um gildissvið hans, tæki ekki til fisks og annarra sjávarafurða „nema annað væri tekið fram“. Samningsaðilarnir hefðu sóst eftir því að viðhalda sjálfstæði við reglusetningu um slíkar vörur óháð öðrum ákvæðum EES-samningsins. Reglur um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir væri að finna í bókun 9 við EES-samninginn en í 1. mgr. 4. gr. bókunarinnar kæmi fram að afnema skyldi ríkisaðstoð til sjávarútvegs.

Dómstóllinn tók það fram að eftirlitsheimildir ESA væru ekki efnislega samhljóða á öllum sviðum EES-samningsins. Þar af leiðandi væri nauðsynlegt að líta til sérstakra ákvæða samningsins um eftirlit með veitingu ríkisaðstoðar. Hvorki 1. mgr. bókunar 26 við EES-samninginn né 24. gr. samnings EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls vísaði til bókunar 9 við EES-samninginn. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að orðalag ákvæðanna gæfi til kynna að þeim væri ætlað að tiltaka á tæmandi hátt þær valdheimildir sem ESA hefði til þess að fara með eftirlit með ríkisaðstoð. Sú staðreynd að í framangreindum ákvæðum væri hvergi vísað til bókunar 9 við EES-samninginn endurspeglaði þann vilja samningsaðilanna að veita ESA ekki valdheimildir til að hafa eftirlit með ríkisaðstoð til sjávarútvegs.

Dómstóllinn tiltók að orðalag 4. gr. bókunar 9 við EES-samninginn væri skýrt um að það væri undir samningsaðilunum komið að hafa eftirlit með því að ákvæðinu væri framfylgt. Til frekari stuðnings niðurstöðu sinni vísaði dómstóllinn til sameiginlegrar yfirlýsingar um samþykka túlkun á 1. og 2. mgr. 4. gr. bókunar 9 við EES-samninginn um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir auk 6. gr. bókunar 9 við EES-samninginn.

Þar sem ESA hefði ekki valdheimildir til að hafa eftirlit með ríkisaðstoð á sviði sjávarútvegs teldist stofnunin ekki hafa brotið gegn skyldum sínum samkvæmt EES-samningnum. Hin umþrætta ákvörðun hefði því verið tekin á grundvelli réttar túlkunar á viðeigandi lagaákvæðum. Kröfum Marine Harvest var því hafnað.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.